Alþingi
Erindi nr. Þ 133/771
komudagur 2.2.2007

VM
Félag vélstjóra
og málmtæknimanna

Borgartúni 18
105 Reykjavík
sími: 575 9800
fax: 575 9809
vm@vm.is
www.vm.is
Kt. 530169-5299

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 31. janúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á hafnarlögum, nr. 61/2003, mál 366.

Frumvarpið er tvíþætt, það fjallar annarsvegar um breytt gjaldskrárákvæði og hinsvegar um breytt ákvæði um neyðarhafnir sem er nýmæli í hafnarlögum.

Ákvæðið er tilkomið vegna tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002. Með tilskipuninni er verið að tryggja að skip sem lenda í hafsnauð af einhverju tagi geti með skömmum fyrirvara leitað skjóls í ákveðnum höfnum þar sem þau eiga kost á aðstoð og þjónustu við hæfi hverju sinni.

VM telur að með tilkomu þessa ákvæðis í hafnarlögin sé verið að auka og bæta öryggi sjófarenda og styður því breytinguna.

Virðingarfyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna

Helgi Laxdal, formaður VM